



Form 2

Röðum í form

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Aðstæður	Umhverfi Á opnu svæði hvar sem er.		Árstíð Hvaða árstíð sem er.	

Lýsing á verkefni

- Þessi leikur er mjög góður inngangsleikur að því að vinna með form. Þess vegna hentar hann sérstaklega yngstu börnunum. Leikurinn hentar líka vel börnum sem eru að ná tökum á íslensku.
- Kennarinn ræðir við börnin hvaða form þau þekki (*hringur, þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur*). Hann getur líka haft formspjöld til stuðnings.
- Hópurinn kemur sér saman um hvaða form skuli raða í.
- Öll börnin safna efniviði að eigin vali og raða hvert og eitt í formið (sjá mynd *raðað í ferning* og *raðað í hring*).

Gögn

Stór spjöld með formum, þannig að formin séu um 30-40cm á kant.

